

**Fundur haldinn í Menningarráði Norðurlands vestra,
á Sauðárkróki, föstudaginn 28. janúar 2011, kl. 13.00**

Mætt voru: Björg Baldursdóttir formaður, Bjarni Jónsson, Guðný Kjartansdóttir, Þóra Sverrisdóttir, Ragnar Smári Helgason og Ingibergur Guðmundsson menningarfulltrúi.

Formaður setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Drög að nýjum menningarsamningi

Menningarsamningur ríkis og sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, sem undirritaður var 3. maí 2010, rann út um síðustu áramót. Nú hafa borist drög að nýjum samningi frá ráðuneytum mennta- og menningarmála og iðnaðar- og ferðamála og er sá samningur til þriggja ára.

Menningarráð fagnar nýjum samningi og því að hann er til þriggja ára. Ráðið bendir hins vegar á að samkvæmt þessum drögum þá er niðurskurður fjármagns frá ríki til menningarsamningsins um 27 % á tveimur árum sem er alls óviðunandi. Einnig gagnrýnir ráðið val á þeim þáttum sem lagðir eru til grundvallar þeim stuðlum sem liggja að baki útreiknuðum framlögum mennta- og menningarmálaráðuneytisins og bendir á að áður voru m.a. hagvaxtarþróun og fólksfjöldaþróun lögð til grundvallar sem eru mun eðlilegri forsendur.

Þá leggur ráðið til nokkrar orðalagsbreytingar á samningsdrögunum.

Umsögn ráðsins var síðan vísað til stjórnar SSNV sem hefur samningsumboðið fyrir hönd sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

2. Menningarstyrkir f. árið 2011

Fyrir fundinum lágu drög að úthlutunarreglum fyrir árið 2011. Umsóknarfrestir verða tveir, 15. mars og 15. september. Nokkrar breytingar voru gerðar á drögunum en þau síðan samþykkt.

Sá fyrirvari er þó gerður við dagsetningu fyrri umsóknarfrestsins að undirritun nýs menningarsamnings við ríkið fari fram innan tíðar.

Einnig var samþykkt að áfram yrði sent dreifibréf inn á öll heimili og fyrirtæki þar sem að auglýst yrði eftir verkefnastyrkjum til menningarstarfs, eins og verið hefur.

3. Fjárhagsyfirlit fyrir árið 2010

Lagt fram bráðabirgðayfirlit fyrir árið 2010. Rekstrarkostnaður ráðsins er heldur minni en áætlað var. Ekki voru gerðar athugasemdir við yfirlitið.

4. Drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2011

Þar sem ekki hefur verið lokið við nýjan menningarsamning og því ekki ljóst hvaða fjármagn verður til umráða þá var þessum lið frestað til næsta fundar.

5. Samstarfssamningur sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um menningarmál

Í tengslum við nýjan menningarsamning við ríkið þurfa sveitarfélögin á Norðurlandi vestra að endurnýja samstarfssamning sinn, frá 2007, um menningarmál. Farið var yfir samninginn, nokkrar breytingatillögur gerðar og þær síðan sendar stjórn SSNV.

6. Önnur mál

Í ljósi minnkandi fjármagns til menningarsamningsins var rætt um hvort starfshlutfall menningarfulltrúa hjá menningarráði yrði minnkað og hann tæki þá ennfremur að sér störf hjá Atvinnuþróun SSNV. Formanni ráðsins, menningarfulltrúa og framkvæmdastjóra SSNV var falið að vinna áfram með málið og leggja niðurstöðu þeirra viðræðna fyrir næsta fund menningarráðs.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 15.45.

Ingibergur Guðmundsson

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.